

Rangárþing ytra
b/t Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 23. september 2019
UST201909-111/A.B.
10.04.02


**Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2030–
Gaddastaðir**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2030 fyrir Gaddstaði.


Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að frístundasvæðið F63 verður minnkað um u.þ.b. helming, eða 30 ha og íbúðarsvæðið ÍB16 stækkað um sem því nemur.

Umhverfisstofnun tekur undir er kemur fram í lýsingu að mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún er í tengslum við kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Virðingarfyllt



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur